



Akraneskaupstaður



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Akranes

velliðan fyrir alla



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Akraneskaupsstaður og Embætti landlæknis (EL) gera með sér eftirfarandi samning um Heilsueflandi samfélag (HSAM).

1. grein

Heilsueflandi samfélag, meginmarkmið og leiðarljós

Heilsueflandi samfélag er samfélag þar sem tekið er mið af heilsu og velliðan allra íbúa í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Í Heilsueflandi samfélagi er unnið markvisst lýðheilsustarf með lýðheilsuvísa, gátlista og önnur viðeigandi gögn til að meta stöðuna með tilliti til þarfa íbúa á öllum æviskeiðum og forgangsraða í samræmi við þá greiningu. Unnið er heildstætt með áhrifaþætti heilbrigðis og er meginmarkið starfsins að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og velliðan allra íbúa á Akranesi.

Með innleiðingu Heilsueflandi samfélags vinna samfélög að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Leiðarljós Heilsueflandi samfélags:

- **Virk þátttaka samfélagsins í heild** með aðkomu lykilhagsmunaaðila.
- Starfið byggir á **bestu þekkingu og reynslu** á hverjum tíma.
- **Valda ekki skaða** (*do no harm*) með því að huga ávallt að áhrifum starfsins á andlega, líkamlega og félagslega heilsu og velliðan allra íbúa.
- **Jöfnuður til heilsu** með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka tillit til viðkvæmra hópa.
- **Sjálfbærni** með áherslu á starf og árangur til lengri tíma litið.

2. grein

Hlutverk samningsaðila

Akraneskaupsstaður:

- Ber ábyrgð á starfinu og vinnur það í samræmi við meginmarkmið og leiðarljós HSAM samanber 1. grein.
- Tilnefni tengilið við EL, stuðlar að virku starfi og reglulegri aðkomu lykilhagsmunaaðila með því að hafa starfandi stýrihóp, og eftir þörfum aðra samráðshópa, sem hittast reglulega og horfa heildstætt á málin m.t.t. ólíkra þarfa allra íbúa.
- Skilgreinir sig sem Heilsueflandi samfélag og gerir grein fyrir starfinu m.a. á heimasíðu sinni.
- Setur fram stefnu, markmið og aðgerðaáætlun og metur framvindu og árangur starfsins.
- Notar vinnusvæðið *heilsueflandi.is* og leggur þannig til gögn í árlega skýrslu um stöðu og framvindu starfsins.

Embætti landlæknis:

- Styður við starfið m.a. með ráðgjöf, auðkennisefni, gátlistum fyrir helstu áhersluþætti HSAM og útgáfu lýðheilsuvísa.
- Leggur til vinnusvæðið *heilsueflandi.is* sem m.a. útbýr árlegar skýrslur um stöðu og framvindu starfsins.

3. grein

Gildistími og uppsögn samnings

Samningurinn er í gildi á meðan það er vilji samningsaðila að starfa samkvæmt honum. Æskilegt er að endurskoða samninginn á 4 ára fresti. Ef tilefni þykir til geta samningsaðilar óskað eftir því að samningurinn verði endurskoðaður eða ógildur á öðrum tímum.

Akranesi, 1. október 2019

F.h. Akraneskaupsstaðar
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri

F.h. Embættis landlæknis
Alma D. Möller, landlæknir